

Tillaga Flokks fólksins að borgarstjórn samþykki að skóla- og frístundaráð og velferðarráð sameinist um að stofnsetja sérstaka stuðningsþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn alkóhólista

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að velferðarráð og skóla- og frístundaráð sameinist í að setja á stofn stuðningsþjónustu eyrnamerka börnum alkóhólista. Stuðningurinn sé í formi sálfræðiþjónustu, persónulegrar ráðgjafar, hópstarfs og fræðslu. Úrræðið standi öllum börnum alkóhólista til boða án tillits til hvort barn búi hjá foreldrinu sem glímur við sjúkdóminn eða hefur umgengni við það og án tillits til þess hvort börnin sjálf séu metin í áhættuhópi eða ekki. Stuðningsúrræðið er hugsað sem styrking og til að hjálpa börnum alkóhólista að hlúa að eigin sjálfsmynd, rækta félagslega færni og fræðast. Börn alkóhólista lifa oft við óvissu og óöryggi vegna neyslu foreldris. Mikilvægt er að aðgengi sé gott að úrræðinu og að ekki sé þörf á tilvísun. Láta á nægja að forsjáraðili óski eftir stuðningi fyrir barnið og að hjálpin sé veitt eins lengi og barnið þarf og vill. Stuðningsþjónustunni er ætlað að veita börnunum viðurkenningu á stöðu sinni og aðstæðum í fjölskyldum þar sem áfengi- og vímuefnavandi er til staðar. Meðal markmiða er að hjálpa börnum alkóhólista að skilja aðstæður sínar m.a. að greina á milli fíknisjúkdómsins og persónunnar sem glímur við hann. Stuðningsþjónustunni yrði jafnframt ætlað að styðja við foreldrana með ráðgjöf og fræðslu eftir atvikum.

Greinargerð

Börn alkóhólista er hópur barna sem hvorki heyrir hátt í né mikið er rætt um. Ótal margar breytur skjóta upp kollinum þegar kemur að þessum hópi. Hvað er þetta stór hópur? Hversu stór er vandinn? Hver er þörfin? Hvernig gengur að ná til þessa hóps? Hver eru helstu einkenni og hverjir sjá þessi einkenni?

Hvað er alkóhólismi?

Alkóhólismi er þrískiptur sjúkdómur sem hefur áhrif á líkamann, hugann og andann. Eitt af einkennum sjúkdómsins er stjórnlaus löngun í áfengi. Læknavísindin segja alkóhólisma vera sjúkdóm sem hægt er að halda í skefjum en ekki lækna. Alkóhólismi er stigvaxandi sjúkdómur. Eina leiðin til að halda alkóhólisma í skefjum er algert bindindi. Flestir eru sammála um að jafnvel eftir margra ára bindindi geti alkóhólismi aldrei drukkið aftur vegna þess að alkóhólismi er ólæknandi sjúkdómur. Það bjóðast mörg úrræði fyrir alkóhólista í dag. Alkóhólismi er ekki lengur vonlaust ástand ef sjúkdómurinn er viðurkenndur og meðhöndlaður.

Áhrif og afleiðingar þess að alast upp við alkóhólisma.

Börn foreldra með vímuefnavanda búa við aðstæður óryggis, óvissu, ófyrirsjáanleika, ótta, mikið og langvarandi álag og ábyrgð umfram aldur og þroska. Afleiðingarnar fyrir þennan hóp barna geta verið meðvirkni, sárar tilfinningar, brostnar vonir og sködduð sjálfsmynd. Afleiðingar geta m.a. leitt til þess að barnið á í erfiðleikum með að meta ýmsar mikilvægar aðstæður og hefur færri bjargráð til að grípa í. Tilfinningalegt læsi og stjórnun er oft lakara en hjá börnum sem ekki búa við slíkar aðstæður.

Enda þótt mikið vatn hafi runnið til sjávar í málaflokknum sem hér um ræðir undanfarinn áratug ríkir enn þöggun og fordómar um alkóhólisma og neyslu vímuefna foreldris. Börn sem búa við vandann og eru hluti hans halda honum oft leyndum, vilja ekki tala um hann og vilja afneita honum. Börn foreldra sem glíma við neyslusjúkdóm er þess vegna oft falinn hópur. Börn alkóhólista hafa mörg hver upplifað óvissu og álag árum saman í tengslum við áfengis- eða vímuefnaneyslu foreldra, sum frá því þau muna eftir sér.

Meðvirkni er sjúkdómur sem herjar á aðstandendur alkóhólista og eru börn þar engin undantekning. Dæmi um meðvirkni í fjölskyldu alkóhólistans er þörfin að láta allt líta vel út á yfirborðinu og þegja yfir hinum raunverulega vanda. Að alast upp í aðstæðum sem einkennast af meðvirkni getur haft skaðleg áhrif á börnin ekki síður en fullorðinna aðstandenda. Meðvirkni

getur leitt til þess að barn á í erfiðleikum með að greina og meta aðstæður og getur ekki brugðist við áreiti samkvæmt innstu sannfæringu. Stuðningsnet barns skiptir miklu máli og getur skipt sköpum þegar kemur að neikvæðum áhrifum og afleiðingum. Börnum alkóhólista hættir til að þróa eigin áfengisvanda og önnur vímuefnavandamál.

Af hverju sérhæft úrræði?

Sérhæft stuðningsúrræði fyrir börn alkóhólista skilar sér margfalt. Barn sem fær tækifæri við öruggar aðstæður til að tjá sig um neysluvandamál foreldris getur losað um djúpstæða vanlíðan og áhyggjur. Í stuðningnum felst ekki síst að hjálpa barninu að styrkja sjálfsmynd sína og efla félagsfærni. Börn sem alast upp við alkóhólisma trúa því stundum að þau beri ábyrgð á neyslu foreldris með einhverjum hætti. Fræðslan skiptir barn miklu máli og sú vitneskja að neysluvandi foreldrisins sé ekki á ábyrgð þess að neinu leyti.

Fræðsla og samtal um málefni alkóhólisma og vímuefnaneyslu getur stuðlað að því að barn geti hafnað tilfinningum á borð við skömm og sektarkennd. Slík leiðrétting á íþyngjandi tilfinningum og hugsunum er börnum mikill léttir og markar jafnvel nýtt upphafi í lífi þeirra. Borgarfulltrúi Flokks fólks vill að Reykjavíkurborg veiti meiri aðstoð við þennan hóp barna en gert hefur verið. Hér er ekki verið að segja að börn alkóhólista fái enga þjónustu eða stuðning hjá Reykjavíkurborg en með tillögunni er verið að kalla eftir að stuðningurinn verði markvissari, skilvirkari og fjölbreyttari.

Sambærileg þjónusta sem hér er lögð til er veitt af SÁÁ, samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavanda. Reykjavíkurborg styrkir SÁÁ um 19 m.kr. á ári. Hluti af þeim styrk er varið í þjónustu barna áfengis- og vímuefnaneytenda. SÁÁ hefur unnið gott starf með börnunum en árangursmat liggur þó ekki fyrir. Vinna SÁÁ fríar hins vegar ekki borgina frá skyldum sínum gagnvart börnum alkóhólista. Útvíkka þarf þessa þjónustu til muna og opna hana fyrir öllum börnum sem hennar þarfnast. Reykjavíkurborg hefur alla burði til að stofna eigið úrræði fyrir börn alkóhólista og skipuleggja metnaðarfullt stuðningsúrræði þeim til hjálpar.

Með stofnun sérhæfðs stuðningsúrræðis eyrnamerkjum börnum alkóhólista er verið að viðurkenna að börn alkóhólista sé skilgreindur hópur sem þarfnast fjölbættrar íhlutunar stundum til langs tíma til að draga úr tilfinninga- og félagslegri einangrun og til að rjúfa þann þagnarmúr sem einkennir börn í þessum aðstæðum.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill skora á borgarstjórn að taka þessari tillögu með opnum huga. Vissulega hefur börnum alkóhólista verið hjálpað í Reykjavík. Það hefur samt ekki komið fram hvað hefur verið gert og hversu mikið. Hér er kallað eftir stofnun formlegs úrræðis sem skilgreint er fyrir börn sem eiga foreldri sem glíma við neysluvanda.

Stuðningsþjónustan skal veitt án skilyrða, hvort sem barn er metið sjálft í áhættuhópi og hvort sem barnið býr hjá foreldrinu eða er í umgengni við það. Stuðningurinn skal veittur eins lengi og þörf þykir og er í formi sálfræðiviðtala, ráðgjafar, hópavinnu og fræðslu. Ýmis atriði sem tengjast tillögunni eru sett í hendur velferðarsviðsins sem ætti að vera fullfært um að útfæra tillöguna. Þættir sem þarf sérstaklega að skoða er sérfræðimenntun og þjálfun starfsmanna. Finna þarf út hvar taka skal fjármagn en gera má ráð fyrir einu stöðugildi alla vega til að byrja með sem kallar á um 20 m.kr. á ári. Að lokum er hér bent á ACE rannsóknina, til frekari glöggvunar, The Adverse Childhood Experiences Study.